

Varðandi niðurrif minni flotkvíar í Hafnarfjarðarhöfn

Til þeirra sem málið varðar

Hafnaryfirvöld í Hafnarfirði hafa átt í samtali og samvinnu við stjórnendur VOOV ehf. sem reka starfsemi flotkvía í Hafnarfjarðarhöfn, varðandi mögulegar leiðir til að fjarlægja og farga minni flotkví fyrirtækisins sem er komin á aldur og skapar ákveðna hættu á hafnarsvæðinu.

Minni flotkvíin sem var smíðuð árið 1947, hefur hefur ekki verið í notkun síðustu 2 ár þar sem burðargetan er orðin veik og tankar farnir að gefa sig. Hætta er á ef ekki verður gripið hið fyrsta til aðgerða, að flotkvíin geti sokkið þar sem hún stendur. Það mun skapa margvíslega hættu og erfiðleika varðandi starfsemi og siglingar á innsta hafnarsvæðinu við Hvaleyrarbakka og á athafnasvæði VOOV við stóru flotkvínnu sem er í stöðugri notkun.

Ýmsar leiðir hafa verið skoðaðar varðandi flutning minni flotkvíarnnar og liggur fyrir að raunhæfasti kosturinn er að draga hana stystu leið út fyrir Hvaleyrargarðinn og koma á land inná athafnalóð VOOV við Óseyrarbraut 31 á háflæði við kjöraðstæður nú í sumar eða haust. Grafa þarf skurð á lóðinni og rjúfa skarð í garðinn til að ná flotkvínni á land og hefur hafnarstjórn tekið þessa tillögu til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við þessa tillögu.


Í bókun hafnarstjórnar frá 13. maí sl. segir m.a.:

„Hafnarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða tillögu að framkvæmd niðurrifs minni flotkvíar innan lóðarmarka Óseyrarbrautar 31. Hafnarstjórn leggur áherslu á að niðurrifið gangi eins hratt fyrir sig og kostur er og grjóttgarður verði færður í sama horf strax eftir að kvíin er komin á land.“

Það er mat hafnaryfirvalda og hafnarstjórnar, að mjög brýnt er að koma þessu verki í framkvæmd hið allra fyrsta og ekki síðar en á komandi hausti. Alls óvíst er miðað við ástand flotkvíarinnar að hún haldist á floti næsta vetur þegar reynir á í vetrarveðrum. Öll bið skapar bæði óvissu og hættu og því mikilvægt út frá öryggi, umhverfis- og mengunarmálum, að hægt verði að ganga í þetta verk hið allra allra fyrsta.

Hafnarfirði 15. júní 2026

Virðingarfyllst



Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri